

**Kópavogsbær skrifstofa**

Digranesvegur 1
200 KÓPAVOGUR

b.t. Auðar Dagnýjar Kristinsdóttur
Skipulagsfulltrúa
S.: 411 0000
netfang: skipulag@kopavogur.is

Lögbergslína - Framkvæmdaleyfi vegna lagningu dreifikerfi rafmagns og vinnu á vegsvæði Hringvegur (1-1e, 1- d9) (Suðurlandsbraut).

Vegagerðin hefur móttengið beiðni um framkvæmdaleyfi vegna vinnu á vegsvæði fyrir lagningu dreifikerfis Hringvegur (1-1e, d9) (Suðurlandsbraut).

Vegagerðin bendir á útgefið leyfi sem sent var til Verkís hf. dags 6. júlí 2021, sjá m.f. gögn.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt og hefur því enga undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is



Verkís hf.
Ofanleiti 2
103 REYKJAVÍK

b.t. Kjartan Jónsson
Rafmagns- og rekstrariðnfræðingur
S.: 422 8414
netfang: kj@verkis.is

Afnotaleyfi vegna lagningu dreifikerfi rafmagns og vinnu á vegsvæði Hringvegar (1-1e, 1- d9) (Suðurlandsbraut) - Lögbergslína.

Vegagerðin hefur móttengið umsókn um vinnu á vegsvæði vegna lagningu dreifikerfis Hringvegar (1-1e, d9) (Suðurlandsbraut). Óskað er eftir heimild til leggja með og að þvera veginn.

Síða 1/2

Framkvæmd

Framkvæmd sjá fylgibréf. - Vegagerðin vill ítreka að fyrirhugaðar eru framkvæmdir á umræddu svæði og ekki skal leggja lagnir innan framkvæmdasvæðisins. Ef upplýsingar vantar, vegna framkvæmda Vegagerðarinnar, skal hafa samband við hönnunarstjóra verkefnisins Ólaf Thorlacius Árnason í síma 5221235, farsími 7872402, netf.: olafur.t.arnason@vegagerdin.is og eða verkefnisstjóra Helgu Jónu Jónasdóttur s.: 5221087, farsími: 8424701, netf. helga.j.jonasdottir@vegagerdin.is

Heimild Vegagerðarinnar

Vegagerðin heimilar legu lagnarinnar í samræmi við umsókn dags 25.06. 2021 með eftirfarandi skilyrðum:

- Þar sem þvera verður veg skal rör vera a.m.k. 0,7 m undir yfirborði vegar.
- Lögnina skal hvergi leggja nær vegi en í a.m.k. 6 m fjarlægð frá vegöxl.
- Þeir sem vinna á eða við veg skulu vera í vel sýnilegum öryggisfatnaði „gulum vestum“.

Eigandi leiðslu ber ábyrgð á öllum kostnaði við flutning leiðslu og tilheyrandi mannvirkja á vegsvæði, hvort sem það stafar af breytingum á leiðslu eða vegi.

Um leiðsluna gilda reglur um leiðslur á vegsvæði frá apríl 2014 með þeim skilyrðum sem þar koma fram og með eftirfarandi öðrum skilyrðum:

1. Vegsnið og umhverfi vegarins skal halda sér. Skila skal vegsvæðinu í jafngóðu ástandi og það var í áður, þar með talið vegyfirborði, vegöxlum, vegfláum og vegrásum sem og öðru innan vegsvæðis. Gerð er krafa um að lagna eigandi, Veitur ohf., beri ábyrgð á verkinu í eitt ár, komi fram sig eða skemmdir á vegyfirborði og láti þá lagfæra á sinn kostnað.
2. Merkingar skulu vera í samræmi við reglur Vegagerðarinnar og skal haft samráð við Vegagerðina og lögreglu varðandi merkingar. Skila skal inn merkjaplani til Vegagerðarinnar áður en verk hefst. Verði ekki farið eftir þessu eða merkingum sé ábótavant á verk tímanum mun Vegagerðin lagfæra og eða merkja vinnusvæðið á kostnað leiðslueiganda. Lagfæra skal merkingar innan 2 klst. eftir að kvörtun kemur frá Vegagerðinni eða lögreglu um að merkingar séu ekki í lagi.
3. Leiðslueigandi skal gæta ýtrustu varkárni í grennd við aðrar lagnir er kunna að vera á vinnusvæðinu og skal í einu og öllu fara eftir þeim ákvæðum sem um þær gilda.

Vegagerðin
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026

4. Leiðslueigandi skal kynna sér rækilega legu lagna sem kunna að vera á eða við vinnusvæðið, áður en framkvæmdir hefjast.
5. Vegagerðin er ekki ábyrg fyrir tjóni sem þriðji aðili kynni að valda eða verða fyrir af völdum umræddra framkvæmda.
6. Hafa skal samband við Vegagerðina áður en farið verður í framkvæmd þessa og skal ekki hefja verkið án samráðs við eftirlit Vegagerðarinnar. Eftirlitsmaður frá Vegagerðinni mun hafa eftirlit með verkinu af hálfu Vegagerðarinnar og skal haft samband við Valgarður Guðmundsson í síma 522-1469 eða Ágúst Sigurjónsson í síma 522-1361.
7. Vegagerðin óskar eftir að lega strengjanna verði send í ISNET hnitum eftir framkvæmd.
8. Að framkvæmd lokinni skal frágangur vegsvæðis tekinn út af eftirlitsmanni Vegagerðarinnar. Sé frágangi ábótavant skal hann lagaður samkvæmt tilmælum eftirlits.
9. Framkvæmdir á vegsvæði Vegagerðarinnar við lögnina skulu taka eins stuttan tíma og unnt er, frá byrjun framkvæmda á vegsvæði að lokun endanlegs frágangs.

Þegar taka þarf niður umferðarhraða eða loka vegum þá er gerð krafa um merkingar og fara skal eftir reglum um vinnusvæðamerkingar sem finna má á slóðinni:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>

Ef leiðslueigandi telur ekki unnt að vinna verkið skv. skilyrðum þessum, skal haft samráð við Vegagerðina varðandi aðrar lausnir.

Tryggja þarf að ekki komi upp óþarfa tafir og lágmarka þar með óþægindi vegfarenda og á sama tíma verður að gæta fyllsta öryggis allra í hvívetna.

Umsækjandi hefur kynnt sér „Reglur um leiðslur á vegsvæðum“.

Virðingarfyllt,

f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Síða 2/2

Vegagerðin

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt og hefur því enga undirskrift.

Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík
vegagerdin@vegagerdin.is

TILV./BRÉF YÐAR:
227204


VERKNÚMER:
21144-001

DAGS.:
2021-06-25

NR.:
1

Beiðni um leyfi fyrir lagningu dreifikerfis rafmagns meðfram þjóðvegum á Hellisheiði

Fyrir hönd Veitna ohf. er hér með sótt um leyfi Vegagerðarinnar til lagningar 11 kV rafstrengs, Lögbergslínu, meðfram þjóðvegum á Hellisheiði. Framkvæmdin er á um 16,5 km löngum kafla og nær yfir land Kópavogsbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus. Hlutar leiðarinnar liggja meðfram Hringvegi 1 Suðurlandsvegi, Þrengslavegi (39) og Bláfjallavegi (417). Sótt verður um framkvæmdaleyfi til sveitarfélaganna í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Sótt hefur verið um leyfi landeigenda fyrir framkvæmdinni.



Mynd 1 – Strengleið á Hellisheiði. (Heimild: Loftmyndir)



Framkvæmdalýsing

Veitur áætla að taka niður 11 kV loftlínu sem liggur norðan við Suðurlandsveg frá Hellisheiðavirkjun niður að tengivirki á Hólmsheiði. Þessi loftlína er komin til ára sinna og hefur bilað reglulega síðustu ár. Í staðinn er áætlað að plægja 11 kV jarðstreng ásamt ljósleiðara og jarðvír frá Lögbergsbrekku sunnan við Suðurlandsveg að malarnámum í Þrengslum. Á leiðinni verða settar upp níu dreifistöðvar til rafmagnsfæðingar við hús og búnað á leiðinni.

Ætlunin er að plægja strenginn a.m.k 6 m frá vegkanti sunnan við Suðurlandsveg og sunnan og vestan við Þrengslaveg. Á hluta leiðarinnar verður strengurinn plægður í gamla þjóðveginn. Á tveimur stöðum er gert ráð fyrir línuborun undir Suðurlandsveg, sitt hvoru megin við Sandskeiðsvöll. Einnig er gert ráð fyrir borun undir Bláfjallaveg sunnan Sandskeiðsvallar. Sjá einnig hönnunargögn í fylgiskjöllum.

Strengurinn verður með tengimöguleika við Hellisheiðavirkjun í gegnum borholur sem staðsettar eru við Þrengslaveg.

Matsskylda

Lagning jarðstrengsins ásamt ljósleiðara og jarðvír kallar ekki á málsmæðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum, þar sem um plægðan streng er að ræða. Töluliður 10.21 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum á við um niðurgrafna jarðstrengi en ekki plægða.

Samráð var haft við Skipulagsstofnun varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar.

Frágangur

Leitast verður við að takmarka framkvæmdasvæðið eins og kostur er og lögð verður áhersla á að ganga snyrtilega um svæðið. Strengurinn verður plægður niður þannig að ekki er um tilfærslu á efni að ræða. Gengið verður jafnóðum frá yfirborði strengleiðar. Í og við vegi verður áhersla lögð á að jafna yfirborð þannig að það falli vel að aðliggjandi landi. Ekki er gert ráð fyrir sáningu eða uppgræðslu í vegstæðum. Á grónum vegköntum verður frágangi hagað þannig að yfirborð líkist aðliggjandi yfirborði. Á þeim hlutum leiðarinnar sem ekki liggja í vegstæðum verður tryggt að svarðlagið nýtist til uppgræðslu.

Framkvæmdatími

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist um leið og tilskilin leyfi hafa fengist. Áætlaður framkvæmdatími er frá miðjum júlí til október ef veður leyfir. Gert er ráð fyrir að svæðið verði fullfrágengið í lok næsta hausts en það er þó háð þeim tíma árs sem framkvæmdum lýkur.

Virðingarfyllst, f.h. Verkís hf.

_____Kjartan Jónsson

Nafn